



Dagsetning: 2. febrúar 2024

Málsnúmer: 2402003/2.0

## Til bæjarráðs

### Samantekt um áhrif skerðingar á orku til fjarvarmaveita

Landsvirkjunar hefur ákveðið að loka á sölu á ótryggri raforku á Austurlandi þ.m.t. til fjarvarmaveita Hitaveitu Fjarðabyggðar í Neskaupstað og á Reyðarfirði. Skerðingin eða lokun fyrir viðskiptin tók gildi á miðnætti 17. janúar 2024 og er talin geta gilt út apríl. Það mun fara eftir vatnsbúskap Landsvirkjunar hvort og hvenær þessi lokun endar á sölu á ótryggri raforku frá fyrirtækinu. Fjarðabyggð hefur notast við kaup á ótryggri orku til fjarvarmaveita um árabil. Til lengri tíma eru kaupin það hagstæð að umfram kostnaðurinn sem hlýst af þessari tímabundinni lokun yfirvinnur þau. Þegar lokað er fyrir sölu á ótryggri orku ber okkur að hafa til staðar nægjanlegt varaafli til að sinna þjónustunni með öðrum orkugjöfum en rafmagni. Fram til þessa höfum við notast við brennslu á olíu til að kynda veiturnar. Við höfum gert tilraun með að nota brennslu á viðarperlu höfum við notast við brennslu á olíu til að kynda veiturnar. Við höfum gert tilraun með að nota brennslu á viðarperlum til að kynda veiturnar sem hefur gefist ágætlega tæknilega. Náðst hefur samkomulag við Tandraorku um að setja upp 3 brennslur á viðarperlum, 2 í Neskaupstað og 1 á Reyðarfirði. Viðarbrennslan í Neskaupstað dugar ekki að fullu til að anna allri orkuþörfunni og því þarf einnig að notast við olíubrennslu til viðbótar mv. hefðbundna notkun. Viðarbrennslan virðist duga vel til að kynda veituna á Reyðarfirði. Á umliðnum árum þegar til stöðvunar á sölu á ótryggri orku hefur komið hafa fjarvarmaveiturnar leyst aukakostnaðinn þannig að hann hefur verið innheimtur sem viðbótarkostnaður af notendum án sérstakrar framlegðar. Það þýðir að hefðbundið gjald er innheimt vegna notkunar á orku en viðbótarkostnaði við venjubundnum innkaupum bætt síðan við orkureikninga til viðskiptavina.

Við mat á kostnaðaráhrifum þessara breyttu orkugjafa til að kynda fjarvarmaveiturnar verður að styðjast við nokkrar forsendur sem flestar geta breyst. Megin forsendan er að við gerum ráð fyrir að skerðingin haldi gildi sínu út apríl mánuð og frá og með maí mánuði fáum við aftur að kaupa ótrygga orku. Gert er ráð fyrir að 90% af orkuþörfinni á Reyðarfirði sé frá viðarperlubrennara en 10% með olíu. Í Neskaupstað er reiknað með að viðarperlubrennara ná að sinna um 50% af orkuþörfinni og 50% komi frá brennslu olíu. Þessi skipting á orkunotkun er háð tíðarfari og öðrum breytum. Ef tíðin verður köld þarf meira af olíu til að hita kyndistöðvarnar en minni ef hlýtt verður í veðri o.s.frv. Almennt kostar ótrygg raforka í innkaupum um 6,8 kr./kWh, olía um 18 kr./kWh og viðarperluorkan um 12,5 kr./kWh án virðisaukaskatt.

### Fjarvarmaveitan í Neskaupstað

Á tímabilinu frá 18.1. til loka apríl 2023 notaði veitan um 2,1 milljón kWh. Miðað við þá forsendu má ætlað að hefðbundin kaup á ótryggri orku nemi um 14,3 m.kr. miðað við núverandi innkaupsverð. Ef sama orka væri keypt að fullu á verði olíu næmi innkaupsverðið um 38,1 m.kr. en um 26,6 m.kr. ef allt væri keypt á verði viðarperlubrennslu. Að þessum forsendum gefnum má ætla að orkukostnaður



fjarvarmaveitunnar muni nema um 32.3 m.kr. á þessu tímabili eða um 18 m.kr. meira en ef um ótrygga raforku væri að ræða. Það þýðir að veitan þarf að innheimta aukalega um 9,4 kr. á hverja kWh frá notendum veitunnar. Aukakostnaður stofnana Fjarðabyggðar mun ef þetta gengur eftir nema um 13,1 m.kr. þar af Stefánslaug um 8 m.kr., Nesskóli um 1,9 m.kr. og Breiðablik um 1,3 m.kr. Aðrir viðskiptavinir veitunnar eru umdæmissjúkrahús HSA og Verkmenntaskólinn.

## Fjarvarmaveitan á Reyðarfirði

Á tímabilinu frá 18.1. til loka apríl 2023 notaði veitan um 590 þús. kWh. Miðað við þá forsendu má ætlað að hefðbundin kaup á ótryggri orku nemi um 5,1 m.kr. miðað við núverandi innkaupsverð. Ef sama orka væri keypt að fullu á verði olíu næmi innkaupsverðið um 10,6 m.kr. en um 7,4 m.kr. ef allt væri keypt á verði viðarperlubrennslu.. Að þessum forsendum gefnum má ætla að orkukostnaður fjarvarmaveitunnar muni nema um 7,7 m.kr. á þessu tímabili eða um 2,6 m.kr. meir en ef um ótrygga raforku væri að ræða. Það þýðir að veitan þarf að innheimta aukalega um 5 kr. á hverja kWh frá notendum veitunnar. Veitan á Reyðarfirði er einungis fyrir stofnanir Fjarðabyggðar.

## Samantekt og tillögur

Það sem hér er sagt er byggt á ákveðnum forsendum. Í heildina er umfram kostnaðurinn áætlaður um 20 m.kr. fyrir viðskiptavini veitunnar. Ein grunnforsenda þess að viðbótarkostnaðurinn verði einungis 20 m.kr. er að ekki þurfi að keyra meira á olíubrennslu en hér hefur verið áætlað. Veitan í Neskaupstað er sérstaklega viðkvæm fyrir þessu þar sem viðarperlubrennslan annar hluta notkunarinnar. Því er sérstaklega mikilvægt að takmarka notkunina í stofnunum Fjarðabyggðar einsog kostur er í Neskaupstað. Það myndi hafa afgerandi áhrif að taka ákvörðun um að takmarka þjónustna í Stefánslaug en sundlaugin í heild er að taka um 40% allri orkuframleiðslu fjarvarmaveitunnar. Hér eru settar fram tvær útgáfur af slíkum viðbrögðum:

- Að loka sundlaugarkerinu sjálfu, en keridi sjálf er að taka um 60% af heildarorkuþörf sundlaugarinnar. Slík minnkun í notkun á orku veitunnar myndi minnka álagi á hana um 24% í heildina og sparnaðurinn kæmi fram í minni brennslu olíu hlutfallslega. Áætlað er að þá yrði viðbótarorkukostnaður sundlaugarinnar um 3 m.kr. en heildarorkukostnaður rúmaðist innan fjárhagsáætlunar um okurkaup fyrir Stefánslaug á tímabilinu.
- Önnur leið væri loka vað-/barnalaug og sundlaugarkerinu þ.a. að einungis væri opið frá 7 á morgnana og þar til skólasundi lýkur. Breitt yrði síðan yfir laugarkerið að því loknu. Slík takmörkun sparar líklega um 20% af orkuþörf laugarinnar. Áætlað er að þá yrði viðbótarorkukostnaður sundlaugarinnar um 6,4 m.kr. en heildarorkukostnaður Stefánslaugar umfram fjárhagsáætlun yrði um 5 m.kr. fyrir viðkomandi tímabil.

Snorri Styrkársson  
Fjármálastjóri

Svanur Freyr Árnason  
Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs

